

**3** hefir ekki haft hjer í bænum löglega dvöl vistarárið 1903—1904 og þar til hon-  
 2. maí um var veitt húsmenskuleyfi 26. maí 1904 og að sveitfestisdvöl hans í Reykjavík hefir þar með rofnað, en að leggja saman dvalarár þurfalingsins fyrir og eftir nefnt tímabil til ársins 1909, er hann þáði fyrst fátækrastrýrk hefir við engi lög að styðjast, og mótmæli oddvita Engihlíðarhrepps gegn því, að hinn veitti styrkur hafi verið sveitarstyrkur, virðist að líkindum sprottinn af misskilningi, er stafar af því að styrkur sá, er þurfalingnum var veittur sem innanbæjarmanni, er ekki afturkræfur af framfærslusveit, en með hliðsjón af 55. gr. fátækralaganna geta tjeð mótmæli annars á engan hátt tekist til greina.

Þar eð tjeður þurfalingur hefir ekki unnið sjer sveit utan fæðingarsveitar sinnar, verður hún að annast framfærslu hans, og krafa borgarstjóra Reykjavíkur um endurgreiðslu á hinum veitta styrk eftir 20. júní 1916 að takast til greina.

Því úrskurðast, að Engihlíðarhreppur sje skyldur að framfæra þurfalinginn Ara Hermann Ólafsson og endurgreiða Reykjavíkurbæ að  $\frac{2}{3}$  hlutum þann fátækrastrýrk, er þurfalingurinn hefir þegið þar eftir 20. júní 1916.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar fyrir hreppsnefnd Engihlíðarhrepps.

**4** *Brjef stjórnarráðsins til póstmeistarans í Reykjavík um flutning póstaígreiðsl-*  
 3. maí *unnar í Odda að Garðsauka í Hvolhreppi.*

Samkvæmt tillögum yðar, herra póstmeistari, í brjefi, dags. 1. þ. m., hefir stjórnarráðið ákveðið, að póstaígreiðslan í Odda skuli flutt 1. næsta mánaðar að Garðsauka í Hvolhreppi.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar, frekari birtingar og aðgjörða eftir því sem við á.

**5** **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir Menningarsjóð Gnúpverja,  
 4. jan. útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands  
 7. janúar 1918.

Skipulagsskráin er þannig:

## Skipulagsskrá

### Menningarsjóðs Gnúpverja.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Gnúpverja, og er tilgangur hans að efla hvers konar verklegar framfarir meðal íbúa Gnúpverjahrepps. Starfsvið sjóðsins skal einungis vera Gnúpverjahreppur.